



SAMTÖK FORSTÖÐUMANNA
SUNDSTAÐA Á ÍSLANDI

Ráðstefna haldin í Hofi Akureyri , 19.október 2012

Dagskrá

- Kl. 09:45 Setning og afhending gagna.
- Kl. 10:00 **Hristingur.** – Árni Jónsson frá Dalvík
- Kl. 10:30 **Sterkari stjórnýsla.** Kynning á námi fyrir stjórnendur í sveitarfélögum á Bifröst – Geirlaug Jóhannsdóttir umsjónarmaður símenntunar á Bifröst og Guðrún Arna Gylfadóttir fyrrverandi nemandi.
- Kl. 11:00 **Stjórnendur á sundstöðum.** Fjarfyrirlestur frá Bifröst- Sigurður Ragnarsson lektor.
- Kl. 11:30 **Glögg er gestsaugað.** Stutt erindi og umræður frá nýjum félögum í SFSÍ – Ótthar Edvarsson, Ingibjörg Ísaksen og Gunnar Ingi Valgeirsson.
- Kl. 12:00 Matur.
- Kl. 13:00 Framhald. **Glögg er gestsaugað.**
- Kl. 13:30 **Öryggi og eftirlit á sundstöðum.** Fjallað um reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og eftirfylgni með henni. - Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi á Norðurlandi og Gunnar Hallsson formaður frá Bolungarvík.
- Kl. 14:15 **Hristingur.** – Árni Jónsson frá Dalvík
- Kl. 14:30 Kaffi.
- Kl. 15:00 Aðalfundur skv. lögum SFSÍ.
- Kl. 16:30 Fundarslit.
- Kl. 17:00 Skoðunar- og fræðsluferð í boði heimamanna.
- Kl. 18:30 Hlé fram að kvöldverði.
- Kl. 19:30 Mæting í kvöldverð á Icelandair hotels, Þingavallastræti 23.
- Kl. 20:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun að hætti félaga SFSÍ.

Mikil umræða skapaðist í kjölfar innleggs Þóreyjar og Gunnars um reglugerð og framfylgni hennar. Glærur sem Þórey studdist við í sínu innleggi er hægt að nálgast á innri vef heimasíðu SFSÍ www.sfsi.is undir „fræðsluefni“. Gunnar gerði grein fyrir aðkomu stjórnar að breytingum á reglugerð. Fundur taldi mikilvægt að koma ábendingum félaga áleiðis til Umhverfissráðuneytis og var því vísað til næstu stjórnar.

Ár 2012, föstudaginn 19. október var haldinn 17. aðalfundur SFSÍ. Fundurinn var haldinn í Hofi Akureyri og hófst kl. 15:00. Viðstaddir voru 42 félagar í SFSÍ.

1. Formaður, Gunnar Hallsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Nýjum félögum var sérstaklega fagnað.
2. Formaður tilnefndi Loga Sigurfinnsson sem fundarstjóra og Guðrúnu Örnú Gylfadóttur sem fundarritara. Samþykkt..
3. Fundarstjóri gaf formanni félagsins orðið um skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar SFSÍ árið 2010 - 2011

Stjórnina skipuðu:

Gunnar Hallsson, formaður
Þórdís Eygló Sigurðardóttir, gjaldkeri
Guðrún Arna Gylfadóttir, ritari
Haflíði Halldórsson, meðstjórnandi
Elín H. Gísladóttir, meðstjórnandi

Ágætu félagar.

Á starfsárinu hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir, en þar utan fara samskipti milli stjórnarmanna að miklu leiti fram með tölvupóstum og símtölum.

Á síðasta aðalfundi samtakanna á Selfoss, 21. október 2011 komu þau Haflíði Halldórsson og Elín Gísladóttir ný inn í stjórnina, en úr stjórn gengu Guðmundur Ísidórsson og Björg Snjólfadóttir. Á fyrsta stjórnarfundinum nýkjörinnar stjórnar var ákveðin eftirfarandi verkaskipting stjórnar.

Gjaldkeri: Þórdís Sigurðardóttir, sem tekur við af Guðmundi Ísidórssyni.

Ritari: Guðrún Arna Gylfadóttir, sem tekur við af Þórdísi.

Meðstjórnendur: Elín Gísladóttir og Haflíði Halldórsson sem jafnframt hefur umsjón með heimasíðu samtakanna.

Verkefni stjórnarinnar á þessu starfsári var að vinna úr og fylgja eftir ábendingum og umræðu félaga á síðasta aðalfundi sem birtist m.a í ályktun sem fundurinn samþykkti.

Í þeirri ályktun var skorað á umhverfisráðuneytið að hraða vinnu sinni við nauðsynlegar breytingar á reglugerðinni, jafnframt því var áréttað að samtök forstöðumanna væru boðin og búin til að leggja hverjum þeim málum lið sem viðkæmi starfsstöðum okkar.

Stjórn ákvað á grundvelli umræðunnar að leggja áherslu á að ná fram tilteknum breytingum á reglugerðinni frá 1. janúar 2011 enda var þá orðið sýnt að þökkaleg sátt var meðal okkar félaga um flest allar greinar hennar þegar á hana hafði reynt í framkvæmd. Það hafði þó sannarlega komið fram réttmæt gagnrýni á nokkrar greinar sem nauðsynlegt var að reyna að ná fram breytingum eða a.m.k. skýra betur.

Auk þess hvatti stjórnin með ýmsum hætti til þess að Umhverfisstofnun hraðaði vinnu við gerð öryggishandbókinar og við veggspjöld til upplýsingar fyrir gesti sund- og baðstaða .

Varðandi fyrra atriðið lagði stjórn fram ákveðnar og rökstuddar athugasemdir sem fram höfðu komið frá ykkur, kæru félagar, og byggði m.a. á hnökrum í framkvæmd ákveðinna greina reglugerðarinnar þó aðallega ákvæði í 14.gr reglugerðarinnar sem m.a. kveður á um á aldursmörk gesta. Það var eindregin ósk okkar að miðað yrði við árið frekar en afmældisdaginn svo sem verið hafði m.a. í eldri reglugerðinni, en almennt ekki verið svo í framkvæmd.

Við þessu hefur ráðuneytið orðið, því samkvæmt 4.gr reglugerðar um breytingar á reglugerð nr.814 frá 2010 sem tók gildi 5. sept sl. þá eru þessi aldurmörk miðuð við júní ár hvert. Þá hefur nokkuð verið tekist á um skilgreiningu, framkvæmd og eftirfylgni afgreiðslufólks sund- og baðstaða sem ætlað er að sannreyna hver er forsjáraðili barns. Aðilum hefur ekki tekist að finna á þessu lausn og stjórn SFSÍ hefur gert ráðuneytinu grein fyrir því að forstöðumenn sund- og baðstaða hljóti að hafa allan fyrirvara á ábyrgðarskyldu sinni gagnvart þessu óframkvæmanlega ákvæði.

Önnur þau atriði sem við fengum til úrvinnslu frá ykkur, kæru félagar, á síðasta aðalfundi samtakanna hefur verið komið til viðeigandi aðila. Á grundvelli þessara ábendinga og athugasemda hafa ýmsar lagfæringar verið gerðar svo sem sjá má í áður nefndri reglugerð um breytingar frá 5. september síðast liðinn.

Um handbókina og upplýsingaplakatið frá Umhverfisstofnun er það að segja að þar hafa mál gengið sorglega hægt.

Borið er við mannbreytingum, skorti á starfsfólki, önnur í stofnuninni, tæknilegum yfirlestri sérfræðinga ofl. Þetta er því búin að vera erfið fæðing hjá stofnuninni og ég verð að segja að eftir að Brynja Jóhannsdóttir, sem stýrt hafði þessum málum hjá stofnuninni, lét af störfum hafa öll okkar samskipti við arftaka hennar verið á öðrum og þyngri nótum.

En það gleðilega er þó að nú er komið úr prentun hið langþráða plakat sem verður innan tíðar sent öllum sundstöðum landsins.

Það er skoðun stjórnar að hér sé komið að ákveðnum vatnaskilum í vinnu okkar við endurskoðun reglugerðar um hollustuhætti á sundstöðum og mál að menn dragi nú í nös, kasti mæðinni um stund og vinni með þær reglur sem nú standa. En við skulum vera minnug þess að þær munu ekki lifa til eilífðar nóns.

Við verðum hinsvegar að fá öryggishandbókina sem allra fyrst. Henni er ætlað að vera okkur leiðsögn og ítarefni um ákvæði reglugerðarinnar.

Samkvæmt nýjustu fréttum úr Umhverfisstofnun er Öryggishandbókin í lokavinnslu og verður hún sett á heimasíðu stofnunarinnar um leið og hún er tilbúin.

Að sjálfsögðu hefðum við viljað að þetta verkefni hafi tekið styttri tíma og sannarlega höfum við orðið vör við óþolinmæði ykkar, kæru félagar, og deilum við því sannarlega að fullu með ykkur. Ég vil þó segja að við höfum lagt okkur fram um að vera skilningsrík og samvinnufús í öllu þessu ferli því að bæði er það að ekkert vinnst með því að setja allt í óleysanlegan hnút milli aðila sem þurfa að vinna vel saman og einnig hitt að við verðum ávallt að gæta þess að þannig sé gengið fram í nafni samtaka okkar að mark sé tekið á erindum okkar og óskum.

Ég hef ekki orðið var við annað en að góður hugur og samstarfsvilji sé í okkar garð, bæði í umhverfisráðuneytinu þar sem Sigurbjörg Sæmundsdóttir hefur verið með þessi mál á sínu borði og einnig í Umhverfisstofnuninni þar sem áður nefnd Brynja og síðar Sigríður Kristjánsdóttir hafa stýrt málum okkur viðkomandi. Þó mér finnst kveða við eilítið annan tón hjá hinni síðast nefndu.

Það er afar mikilvægt okkar samtökum, hér eftir sem hingað til, að stjórnin hverju sinni gangi þannig fram með okkar mál að samtökin njóti virðingar og sé tekin alvarlega í umræðunni á hverjum tíma.

Unnið hefur verið að því að gera samstarfssamning milli félags Íþrótt- og tómstundafulltrúa (FÍÆT), Félags fagfólks í frítímaþjónustu (FFF) og samtaka félagsmiðstöðva (Samfés). Markmiðið með þessu samkomulagi er m.a. það að auka samstarf við mennta- og menningamálaráðuneytið með það fyrir augum að samþætta áherslur þessara aðila t.d. þegar leitað er umsagna um lagafrumvarp eða reglugerðir sem tengjast verksviðum og áherslum félaganna og samræma eins og kostur er þær umsagnir. Drög að þessu samkomulagi hafa verið kynnt í stjórn SFSÍ sem er eindregið fylgjandi samstarfi þessara aðila á grundvelli samkomulagsdraganna.

Heimasíða okkar hefur ekki náð að vera sá sterki tengiliður okkar sem menn hafa haft vonir um. Það er okkur hinsvegar afar nauðsynlegt að þessi samskiptatækni geti auðveldað okkur samskipti, svo dreift sem við störfum.

Það er nokkuð ljóst að fara verður í uppfærslu á síðunni og jafnvel að endursmíða hana. Bæði er að ekki hefur tekist að halda henni nægjanlega lifandi með virkri notkun okkar félaganna og einnig það að hún er komin til ára sinna er sannarlega ekki að standast kröfur dagsins í dag

Kæru félagar. Það er komið að ákveðnum tímamótum hjá mér á vettvangi samtakanna þar sem ég hef ákveðið að stíga úr stóli formanns og þar með ganga úr stjórn.

Því er þetta í síðasta sinn sem ég flyt ykkur aðalfundarskýrslu stjórnar.

Ákvörðun um að gefa ekki kost á mér að þessu sinni var ekki auðveld en hún er rétt og nauðsynleg. Hún er rétt þar sem ég sé mig knúinn til að létta á mér verkefnum, en ég er þannig gerður að ef ég tek eitthvað að mér þá vil ég geta skilað því sáttur. Þessi ákvörðun er síðan nauðsynleg nú þar sem ég finn að ég get ekki gefið málefnum samtaka okkar þann tíma sem þið eigið skilið kæru félagar og eigið sannarlega kröfu um.

Ég er ekki að hætta í samtökunum og það er von mín að ég geti áfram lagt málefnum samtakanna lið með einhverjum hætti.

Frá því að ég gekk í samtök forstöðumanna árið 2002, þá ný tekin við íþróttamiðstöðinni í vikinni fögru við ysta djúp, hafa þau verið mér stoð og styrkur og ómetanlegur vettvangur í leit minni að fræðslu og upplýsingum í starfi mínu. Þar að auki hef ég með virkri þátttöku minni í samtökunum eignast ómetanlega góða og skemmtilega vini og féлага.

Ég hef nú setið í stjórn í 6 ár og þar af 4 ár sem formaður. Ég hef ekki séð eftir einni einustu mínútu af þeim tíma sem farið hefur í þetta hjá mér þó svo að á stundum hafi verkefnin verið krefjandi. Ég er sáttur við stöðu mála hjá okkur þó auðvitað hefði sumt mátt ganga betur fram. En hvert sem hlutverk stjórnarmanna er þá er það ekki einsmanns verk. Ég hef alltaf verið mjög lánsamur með samstarfsfólk innan stjórnar. Í stjórn með mér allan þennan tíma hefur valist einstaklega skemmtilegt fólk, skemmtilegt og vinnufúst.

Ég færi þessum einstaklingum mínar bestu og innilegustu þakkir fyrir samstarfið.

Ykkur kæru félagar þakka ég fyrir að hafa umborið mig, sérstaklega þakka ég ykkur það traust sem þið hafið sýnt mér en síðast og ekki síst þakka ég vináttu ykkar. Það hefur verið mjög ánægjulegt og aðdáunarvert hversu auðvelt og gott er að leita til ykkar kæru félagar um viðvik fyrir samtökin okkar, það sýnir best styrk samtaka forstöðumanna sund- og baðstaða á Íslandi.

Gunnar Hallsson, formaður SFSÍ.

4. Ársreikningar lagðir fram og gerði Jón Hjálmarsson grein fyrir þeim í fjarveru Þórdísar gjaldkera. Rætt var um fjölda reikninga í eigu félagsins og hvort ekki mætti fækka þeim.

Að öðru leyti voru ekki gerðar athugasemdir við reikningana og þeir samþykktir– sjá ársreikninga SFSÍ 01.10.2011-30.09.2012 sem dreift var á fundi.

5. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinn.
6. Stjórn lagði til að félagsgjöld hækki um 20% úr kr. 12.000 í kr. 14.400. Samþykkt.
7. Kosning stjórnar. Kjörnefnd lagði til að Haukur Sigurðsson tæki stöðu formanns og Árni Jónsson stöðu meðstjórnanda. Tillagan var samþykkt
8. Kosning skoðunarmanna og eins til vara. Kjörnefnd lagði til að Jón Hjálmarsson og Bjarni Kjartansson tækju stöðu skoðunarmanna og Guðrún Arna Gylfadóttir skoðunarmanns til vara. Tillagan var samþykkt.
9. Kosning í nefndir. Kjörnefnd lagði til að Hartmann Kárason yrði endurkjörinn formaður og Vignir Sveinsson og Logi Sigurfinnsson hlytu endurkjör. Tillagan var samþykkt. Bjarni Kjartans ræddi um störf stjórnar. Telur að æskilegt sé að fleiri félagar taki að sér störf fyrir félagið s.s. umsjón heimasíðu. Í kjölfarið komu upp tilögur um að endurvekja ferðanefnd og fræðslunefnd og einnig að skipa í aðalfundarnefnd. Nýrri stjórn voru falin þessi verkefni en áhugasamir félagsmenn hvattir til að gefa sig fram til nefndarstarfa.

Stjórn og nefndir SFSÍ starfsárið 2012-13 eru þá eftirfarandi.

Formaður; Haukur Sigurðsson

Gjaldkeri; Þórdís E. Sigurðardóttir

Meðstjórnendur; Elín H. Gísladóttir, Hafliði Halldórsson og Árni Jónsson.

Kjör- og ritnefnd; Hartmann Kárason, Vignir Sveinsson og Logi Sigurfinnsson.

Skoðunarmenn; Jón Hjálmarsson og Bjarni Kjartansson.

Skoðunarmaður til vara; Guðrún Arna Gylfadóttir.

10. Önnur mál

- A. Gunnar Hallsson fráfarandi formaður þakkaði fyrir sig.
- B. Guðrún Arna Gylfadóttir fráfarandi ritari þakkaði fyrir sig og færði Gunnari jafnframt örlítinn þakklætisvott fyrir vel unnin störf frá stjórn.
- C. Hartmann Kárason hvatti til virkrar þátttöku félagsmanna s.s. í framboði til stjórnar og annara starfa innan félags.
- D. Elín h. Gísladóttir færði Guðrúnu Örnú örlítinn þakklæstivott fyrir gott samstarf og störf í stjórn.
- E. Ólafur Gunnarsson steig í pontu og tilkynnti að hann lyki störfum í byrjun næsta árs. Þakkaði fyrir gott samstarf. Hann skilaði jafnframt kveðju frá Steinþóri Einarssyni skrifstofustjóra ÍTR. Ræddi um fræðslumál og samstarf við Dansk svømmebadsteknisk forening.
- F. Haukur Sigurðsson nýr formaður þakkaði fyrir traustið. Ræddi um gagnabanka vegna nýframkvæmda við sundstaði sem hönnuðir gætu stuðst við. Hann hvatti síðan félag til að vera duglegir að læra af reynslu annara.

Fundi slitið um 16:00.